

UMRÆÐAN

Sameining sjúkrahúsanna var forsenda framfara

Jóhannes M. Gunnarsson fjallar um málefnið „Af hverju nýtt sjúkrahús?“

EFASEMDIR um réttmæti sameiningar spítalanna í Reykjavík hafa heyrst að undanföru. Í þeirri umræðu hafa efnislegar röksemdir gegn ákvörðuninni lítt eða ekki verið dregnar fram að undanskilinni þeirri staðreynd að ný sé um takmarkaða samkeppni að ræða í spítalabjónustu. Því er ástæða til þess að draga fram

Hagræðingar-krafa og fagleg sérhæfing

Rekstrarleg hag-ræðing var af hálfu stjórnmalámana höfuðröksemd fyrir sameiningu spítalanna. Í nýútkominni stjórn-sýsluúttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að tekist hafi allvel að halda kostnaði í skefjum á tímabilinu 1999–2004 og horfur eru á að rekstrarniðurstaða ársins 2005 styðji þá niðurstöðu. Í skýrslunni segir enn fremur að líklegt sé að þróunin hefði orðið önnur ef sjúkrahúsin hefðu starfað áfram hvort í sínu lagi. Þessi árangur hefur náðst þótt starfsemin sé enn tvístruð og fari fram á næri tuttugu stöðum á höfuðborgarsvæðinu, með umtalsverðum kostnaðarauka. Fagleg sérhæfing er grundvöllur þeirra gífurlegu framfara sem orðið hafa á undanförunum áratugum í lækn-ingum og annarri heilbrigðisþjón-ustu. Í mörgum minni sérgreinum er útilokað að halda uppi þróaðri sérhæfingu án þess að sameina kraftana.

Menntunar- og rannsóknarhlutverk

Öflugt háskólasjúkrahús undir einu þaki, nægjanlega stórt til að standa undir nafni, var sú sýn sem setti sjónarmið starfsmanna til sameiningar. Þeir sem þekkja til forsendna fyrir tilvist háskóla-sjúkrahúss eru sammála um að sameining aðstöðu og þekkingar í okkar smáa samfélagi var óhjá-

kvæmleg. Krafa samfélagsins til heilbrigðisþjónustunnar í landinu er að hún sé fyrsta flokks. Svo verður aldrei til lengdar nema hún standi á grunni trausts vísinda-starfs. Hið sama gildir um mennt- og heilbrigðisstarfsmanna. Árið 2004 voru um 1.100 nemendur í námi eða starfsþjálfun á LSH. Einn mikilvægasti ávinningur sameiningarinnar felst í samein-ingu sérgreina og sérþekkingar á einn stað. Þannig skapast aukid svigrúm til að bæta kennslu og rannsóknir og mögu-leika á kennslu í fleiri sérgreinum og enn fremur til framhalds-náms. Það hefur líka komið á daginn að ásókn í framhaldsnám á LSH hefur aukist til muna.

Félagslegt umhverfi

Vinnuvernd var höfð í huga við ákvörðun um samein-ingu sjúkrahúsanna. Kröfur sem felast í vinnuverndartilskipun EES hafa reynst erfiðari til úrlausnar en nokkurn óraði fyrir. Með öllu væri útilokað að koma til móts við þessi ákvæði og tryggja samfellda vakt-þjónustu ef spítalarnir væru ekki sameinaðir. Enn skortir meira að segja nokkuð á það að reglum sé fullnægt. Viðhorf yngra fólks til heimilislífs og fristunda hefur breyst hér á landi sem annars staðar. Þeim viðhorfum verður að mæta, annars leitar unga fólkid inn á annan starfsveitvang sem aftur leiðir til skorts á hæfum starfsmönnum.

Dyr tækjakostur og annar búnaður

Góð nýting tækjabúnaðar skiptir miklu fyrir hagkvæmni rekstrar. Árleg fjárfesting í tækjabúnaði og endurnýjun hans þarf að vera um 3% af rekstrarfé nútíma-sjúkrahúsa eða u.þ.b. 800 milljónir króna árlega fyrir LSH. Lífúmi flóknustu tækjanna er aðeins 5–7 ár, m.a. vegna þess að þau úrelast vegna örra tækniframfara. Tvöföldun tækjabúnaðar hægir á mögulegri endurnýjun. Með ónaudsýnlegri tvöföldun tækja er

Því er ástæða til þess að draga fram ástæður sameiningarinnar og vísa til reynslu af henni. 6

erfiðara að fylgja tækniframförum eftir og án sameiningar hefði spítalanum verið ókleift að fylgja eðli-legrri tæknipróun. Mikilvægt er líka að hafa í huga að flest þess-ara flóknu tækja krefjast sérþjálf-ads starfsfólks og launakostnaður vegna slíkra áhafna er gríðarmik-ill, hvað þá ef halda þarf uppi tvö-faldri vaktþjónustu.

Heildstætt skipulag

Ný þekking á mikilvægi hönn-unar til að auka gæði þjónustu og bæta öryggi sjúklinga hefur leitt til mikilla breytinga á spítala-húsnæði víða um heim, svo og breytt viðhorf sjúklinga og að-standenda þeirra. Sjúkrahúsbyg-gingar í Reykjavík eru flestar komnar til ára sinna og nánast umkringdar viðbyggingum þannig að allt flæði sjúklinga, starfsfólks og vöruflutninga er líkast því sem væri í völuðarhúsi. Flutningur sjúklinga milli fjarlæggra staða er til tafa og óþæginda fyrir veikt fólk og stundum hættulegur. Að-staða starfsmanna er víða ófull-nægjandi og stendur starfinu fyrir þrifum. Nýjar sjúkrahúsbyggingar eru því mikilvægasta forsendan fyrir eðlilegri þróun og hag-kvæmum rekstri heilbrigðisþjón-ustunnar.

Fullur ávinningur með einum stað

Framkvæmd sameiningar sjúkrahúsa er aldrei hafin yfir gagnrýni en flest bendir til þess að markmiðum hennar hér hafi að mörgu leyti verið náð þótt hús-næði standist ekki kröfur sem gerðar eru í nútíma heilbrigð-isþjónustu. Fullur ávinningur sam-einingarinnar næst ekki fyrr en allri starfseminni hefur verið kom-id fyrir á einum stað í nýju sjúkra-húsi.

Höfundur er framkvæmdastjóri lækninga á LSH.

Skapandi samfélag

Viðar Hreinsson fjallar um hugmyndir um nýja lífshætti

BANDARÍSKI prófessorinn Richard Florida boðar nýjar hug-myndir um vægi hinna „skapandi stéttar“ í metsölubókinni The Rise of the Creative Class sem kom út árið 2002. Hin skapandi stétt er mikilvægt hreyfið efnahagslífsins og myndar verðmæti með frjórri hugsun. Kjarni hennar er vís-indamenn og verk-fræðingar, háskóla-kennarar, skáld og rithöfundar, listamenn, skemmtikraftar, hönn-udir, hugmyndasmíðir, fræðiritahöfundar og riststjórar.

Florida segir að um miðja síðustu öld hafi menn unnið alla ævi hjá sama fyrirtæki sem þeir samsömuðu sig með, lífshættir voru í föstum skorðum og bóhemar grun-samlegt fólk. Þessi einkenni hafa vikið fyrir hreyfanlegri vinnu-markaði, sveigj-anlegri vinnustöðum, aðlögunarhæfni og áherslu á sköpun, frumkvæði og þekk-ingu. Fyrirtækin hafa uppgötvað að bóhem-inn er hugmyndaríkur og snjall. Klæðnaður manna í vinnu er óformlegur, sjálfsmýndin óbundin vinnustaðn-um. Vægi stórfyrirtækja hefur minnkað, þungaiðnaður á und-anhaldi, fólk hafnar gamalli ein-hæfni og flytur þangað sem það langar til að búa. Þar sem skapandi fólk fjölgar er hugmyndaauðgin hreyfið og atvinnutækifæri spretta úr jarðvegnum. Nýjum lífsháttum fylgja nýjar kröfur, ferðamenn vilja ekki pakkaferðir heldur einstæðar upplifanir.

Florida segir uppgang mestan þar þar sem saman fara þrjú T: technology, talent og tolerance, tækni, hæfileikar og umburð-arlýndi, þættir sem nota má til að reikna út sköpunargetu svæða. Hæfileikar og tækni knýja nýsköp-un en umburðarlýndi er mælt með hommahlutfalli. Fjöldi og sýnileiki samkynhneigðra bendir til að nægi-legt umburðarlýndi ríki til að þeir sem eru öðruvísi fái að njóta hæfi-leika sinna og sköpunargáfu. Lit-skrúðugt menningarlíf, frumleg tónlistarsena og fjölbreyttir útivist-armöguleikar eiga mestan þátt í að gera borgir eða svæði aðlaðandi, frekar en risamannvirki á borð við íþróttaleikvangana og tónleikahús. Austin, Seattle og San Francisco eru eftar á lista hinna skapandi svæða í Bandaríkjunum. Hátækni-miðstöðvar eru mikilvægustu vaxt-arsvæðin en það er hið skapandi umhverfi sem nærir þau meðan stórar iðnaðarborgir tapa fólk og staðna.

Florida dregur upp allt aðra framtíðarmynd en íslensk stjórn-völd sem eru í óða önn að byggja upp þungaiðnað með ódýru, lítt skapandi vinnuafli. Þungaiðnaður ryður hátækniyrirtækjum úr landi, spillir fyrir sjávarútvegi og kæfir nýsköpun. Hagfræðingar hafa bent á að stóriðja hafi einungis stað-bundin uppgangsrátt á atvinnulíf og sé því gagnslaus við að halda landinu öllu í byggð. Milljarðar fara í undirbúning gamaldags virk-ana og stóriðju en aðeins milljónir í þá uppbyggingu þekkingarsam-félags sem líklegust er til að skapa hjarta framtíð.

Svo virðist sem mest sköpun sé í stórborgum þó ekki sé það algild regla. Stórrykjavíkursvæðið er þorp miðað við milljónaborgirnar

sem Florida er tíðrætt um. Engu að síður væri full ástæða fyrir Ís-lendinga að leggja meiri rækt við hátækni og hæfileika, umburð-arlýndi og sveigjanlega fjölbreytni, bæta skilyrði hinna skapandi stéttar og setja meira og varanlegra fé í nýsköpun.

Það má ganga lengra og end-urmeta ýmis einkenni íslensks sam-félags, fjarlægja gjár milli suðvesturhorns og landsbyggðar, þétt-býlis og dreifbýlis, líta á landið sem eitt borgarsvæði og rækta sköpunarmátt þess í heild. Íbúar eru hvort sem er ekki fleiri en í hverfi í stórborg. Landið þarf að skreppa saman með bættum samgöngum og boðskiptum. Stór-effa þyrfti almenn-ingssamgöngur og jafnvil hafa þær ókeypis til að auka samskipti manna og samstarf um land allt. Góðar háhraðanet-tingingar styðja uppbyggingu á lands-byggðinni og laða að hina skapandi stétt. Æ fleiri sækjast eftir búsetu og hæg-gengari lífsháttum úti á landi, vilja losna undan hraða, streitu og almennum hvaðaða

en eiga þó erfitt með að sleppa hendi af menningu höfuðborg-arsvæðisins. Menning gamla bændasamfélagsins er líðin undir lok en er þó allsstaðar nálæg. Sá andblær sem fyrir lífir hefur að-dráttarafl sem styrkist með rækt við fortíðina. Saga og menning-armínjar ganga í endurnýjun líf-daga víða um land í nánú sambandi við náttúruna, sem viðfangsefni rannsókna og ferðamennsku. Land-ið þarf að verða lífandi menningar-heild, þar sem fyrir utan höf-udborgarsvæðið séu nokkrir öflugir þéttbýliskjarnar, margir minni, og góðar samgöngur um dreifðar byggðir. Þannig mætti skapa ákjós-anleg skilyrði svo hin skapandi stétt dreifist víða um landið.

Reykjavíkurborg leggur nú til lóðir til háskóla og vísindastofnana í Vatnsmyri. Hug- og félagsvísindi eru nauðsynlegur þáttur í heild-armynd þekkingarþorpisins, til að átta sig á straumum tímans og þeirri fortíð sem hefur mótað okkr. Þekkingarþorpið verður al-þjóðlegt en þarf líka að þjóna land-inu í heild, vísinda- og mennta-stofnunum sem spretta upp víða, oft af vanefnum. Framtíð íslensks samfélags verður að byggja á sam-þættingu menningar, náttúru og vistvænnar hátækni um land allt. Saga, menning og náttúra laða að æ fleiri erlenda ferðamenn en mynda einnig frumnæringu hins fjölbreytta og skapandi samfélags sem verður að ná um allt landið. Ísland á að verða hátæknisamfélag en sköpunarkraftur hátækninnar er dreginn úr frumnæringunni.

Höfundur er bókmenntafræðingur og framkvæmdastjóri Reykjavíkurb-akademíunnar.

smáauglýsingar

mbl.is



Framtíðin, umhverfið og lífsgæðin

Eftir Margréti Björnsdóttur

Prófkjör Kópavogur

UMHVERFISMÁL hafa verið sí-fellt meira til umræðu í samfélagi okkar og á síðustu ár-um hefur orðið vakning meðal fólks um að skilja betur að jörðin og náttúra hennar er auðlind. Þessa auðlind ber að umgangast með virðingu og nýta af höf-semnd. Það jákvæða er að flestar auðlindir jarðar eru endurnýt-anlegar, þótt sumar hverjar endurnýi sig á mislöngum tíma.

Jörðin okkar er eitt margþætt vistkerfi sem samanstendur af fjölda annarra smærri vistkerfa. Aðgerðir til góðs eða ills fyrir þessi vistkerfi geta haft flókin áhrif og afleiðingar á fjar-lægum stöðum. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós hversu samofin vistkerfin eru og samspiðið á milli þeirra sífellt að koma á óvart. Við hér á Íslandi höfum stundum vírst vera minna meðvituð um meng-un umhverfisins vegna þess hversu

náttúra landsins virðist vera lítt menguð. Sannleikurinn er annar. Þótt við þurfum e.t.v. ekki að horfast í augu við sömu risavöxnu vanda-málin og margar þjóðir Evrópu og Asíu, þá erum við að sumu leyti und-ir sömu sökina seld vegna þeirra samtvinn-udu áhrifa sem vist-kerfi jarðarinnar hefur. Helstu mengun-arvaldar nútímans eru í flestra augum stórfyr-irtækin, iðnaðurinn, samgöngur, landbún-aður og sjávarútvegur. Fæstir sjá að hinn al-menni borgari getur gert sitt hvað til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er engu að síður svo að

venjulegt fólk, ég og þú, er í lyk-illlutverki í þessu samhengi. Ein-staklingurinn, heimilinn og atvinnu-fyrirtækin bera líka ábyrgð eins og stjórnvöld og stórfyrirtæki. Ég hef í störfum mínum sem formaður um-hverfisráðs Kópavogs kynnst hinum ýmsu hlíðum umhverfismála og lært mikið um hvað er hægt að gera með einföldum hætti til að draga úr skemmdum á umhverfinu.

Þetta samspil manns og náttúru verður að vera á grundvelli farsællar sambúðar. 6

Fyrir umhverfið skiptir þó mestu að við nálgumst umræðuna á vit-rænu plani. Ófrjófar deilur um hver sé stærsti sökudólgurinn í þessum efnun, skila engu. Auk þess sem mikilvægt er að við veltum gagn-rýnið fyrir okkur, ég og þú, hvað við getum gert betur í þágu náttúrunn-ar, þá skiptir höfuðmáli að stjór-n-völd vinni að umhverfisvernd í sam-vinnu og takt við heildir sam-félagsins, þ.e. fyrirtæki, stofnanir og almenning. Svo að þessi umræða geti skilað börnum okkar betri og líf-vænlegri náttúru verður jafnframt að skapast um það sátt, að mann-skepnan kemst því aðeins af, með því að hafa áhrif á umhverfi sitt. Þetta er síðan augljós staðreynd að þetta samspil manns og náttúru verður að vera á grundvelli farsællar sambúðar.


TENGLAR

www.margretb.is

Höfundur er varabæjarfulltrúi, formaður umhverfisráðs og gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.



Jóhannes M. Gunnarsson



Margrét Björnsdóttir